

## REGLUR

### varðandi útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli með viðmiðunardagsetningar frá 31. desember 2022 til 30. mars 2023.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um starfsemi innlendra váttryggingafélaga og starfsemi erlendra váttryggingafélaga hér á landi, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi.

#### 2. gr.

##### *Upplýsingar um áhættulausan vaxtaferil fyrir viðeigandi gjaldmiðla.*

Samkvæmt 1. mgr. 76. gr. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi, skal váttryggingaskuld vera samtala besta mats á skuldbindingum og áhættuálagi. Reglur þessar eru settar til að innleiða framkvæmdarreglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) þar sem fram koma tæknilegar upplýsingar um áhættulausan vaxtaferil fyrir viðeigandi gjaldmiðla samkvæmt 2. mgr. 76. gr. laga nr. 100/2016.

#### 3. gr.

##### *Innleiðing reglugerða.*

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/266 frá 9. febrúar 2023 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar 31. desember 2022 til 30. mars 2023 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2023 frá 17. mars 2023.

Með vísan til heimildar 1. mgr. 78. gr. laga nr. 100/2016 vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union), OJ, deild L, nr. 41, þann 10. febrúar 2023, bls. 77-172.

#### 4. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 1. mgr. 78. gr. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi, öðlast þegar gildi.

*Seðlabanka Íslands, 3. apríl 2023.*

**Ásgeir Jónsson**  
seðlabankastjóri.

**Rannveig Júnísdóttir**  
framkvæmdastjóri.